

EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



Dags eftirlits	20.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Óskarsgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða kítín- og kítósanframleiðslu Primex ehf., Siglufirði. Verksmiðjan er með heimild til að hreinsa kítín (skel) úr aukaafurðum rækjuvinnslu ásamt því að hafa heimild til framleiðslu á kítósan úr kítíninu, allt að 500t á ári.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang og breytingar á rekstri
- Mengunarvarnir, vöruheymslur og efnalager
- Frárennismál
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar, skýrslur, áætlanir og öryggisblöð
- Umhverfisvöktun

Farið var yfir starfsleyfið sem gefið var út þann 3. júní 2015. Minnt var á skiladaga skv. því og þær skyldur sem í starfsleyfinu felast. Engin frávik voru skráð í síðasta eftirliti þann 9. desember 2021 en tvær ábendingar voru settar fram er varða vöktunarmælingar í viðtaka og geymslu á ætandi efnunum. Brugðist hefur verið við báðum athugasemdunum með fullnægjandi hætti. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, þar sem hann hyggst hefja framleiðslu á sýru og sóða til eigin nota og er sú umsókn í vinnslu.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það út fyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti en með breytingu á starfsleyfi er stefnt á framleiðslu á sýru og sóða til notkunar í vinnsluna. Framleiðslan er ekki fyrirferðarmikil og kemst búnaðurinn fyrir í einum gámi. Verksmiðjan er öll keyrð á rafmagni en olúketill er til staðar og er hann einungis notaður sem varaafstöð, síðast árið 2019. Rætt var um skráningar í Grænu bókhaldi er varðar efnanotkun og magn skeljar en tekið var á móti mun minna magni af skel árið 2021 en árið þar á undan, en efnanotkun var samt sem áður meiri. Í ljós kom að skortur var á skel árið 2021 en umfram byrgðir af kítín voru þá nýttar til framleiðslunnar og skýrir það aukna efnanotkun miðað við magn skeljar, en töluvert magn af kítíni var til á lager rekstraraðila sem unnið er þegar skortur er á skel. Rekstraraðili ræddi um mikilvægi þess að öll rækjuskel sem fellur til í landinu væri komið til vinnslunnar því verksmiðjan getur tekið á móti öllu því sem til fellur hér við land. Borið hefur á því að skelinni sé fargað í hafnir landsins og er það með öllu óviðunandi.

Geymsla og blöndun á sýru og sóða er með sama hætti og verið hefur en kemur til með að breytast við eigin framleiðslu á efnunum. Það verklag, að blanda efnin í siló fyrir inndælingu eins og nú er, verður lagt af og verður blöndunin með sjálfvirkum hætti í vinnsluferlinu. Engar ábendingar eru gerðar varðandi

geymslu á efnum og hefur verið brugðist vel við ábendingu frá fyrra eftirliti.

Minnt er á að uppfæra þarf áætlanir skv. gr. 1.6 og 4.5 í starfsleyfi til samræmis við breytingar á rekstri og nýju starfsleyfi.

Enga lyktarmengun var að finna frá verksmiðjunni, hvorki við húsvegg né í nágrenni verksmiðjunnar.

Hávaðamæling skv. gr. 3.2 í starfsleyfi var gerð árið 2020 og var hæsti toppur 64 dB og jafngildið 55 dB sem er innan marka reglugerðar 724/2008 um hávaða, en miðað er við 70dB við húsvegg á iðnaðar- og athafnasvæðum.

pH mælingar ganga vel og er meðaltal hvers tíma reiknað út á mánaðarskjölum. Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila afrit af skjölum fyrir apríl, júlí og september, að ósk eftirlitsaðila og voru gildi þeirra mælinga innan marka gr. 2.9 í starfsleyfi.

Mælingar voru gerðar við útrás árið 2021 skv. gr. 5.1 í starfsleyfi og niðurstöðurnar skráðar í Grænu bókhaldi rekstraraðila. Minnt er á að gera skal mælingu einu sinni á ári. Minnt er á að skoða skal umhverfi frárennslis á 3ja ára fresti, næst árið 2024.

Öryggisblöð eru til staðar og skráningar eru unnar og vistaðar í rafrænum grunni rekstraraðila.

Gengið var um verksmiðjuna og efnalager, birgðageymsla, móttaka skeljar, sýru og basarými og lóð skoðuð. Engar ábendingar eru gerðar þar um. Umhverfið var snyrtilegt á að líta og engin merki um skeljaúrgang eða annan óæskilegan úrgang við móttökurými utandyra.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ


Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 31.10.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Arnadóttir